

**Ávarp rektors Háskóla Íslands á fundi um aðgerðir í
loftlagsmálum, Hátíðarsalur HÍ, 25. Sept. 2019, kl. 13.**

Ambassador Mann, frummælendur og aðrir gestir,

Það er mér mikil ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin
hingað í Hátíðarsal Háskóla Íslands til að ræða hvernig atvinnulíf,
stofnanir og stjórn málin geta betur komið til móts við ákall ungs fólks
um aðgerðir í loftlagsmálum.

Það er viðeigandi að við skulum hittast hér í Háskólanum til að ræða
þessi mál. Háskólinn er vettvangur vísinda og rannsókna, sem aftur
eru undirstöður þess sjálfbæra og umhverfisvæna þekkingarsamfélags
sem við viljum sjá hér á landi.

Háskólinn er líka vettvangur ungs hugsandi fólks. Og það er einmitt
krafturinn í ungu fólki sem hefur drifið áfram umræðu um
loftlagsmál, eins og yfirskrift þessa fundar dregur réttilega fram.

Við þekkjum það hér í Háskóla Íslands hversu öflugt starf

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur unnið í umhverfismálunum og vil

ég þakka Jónu Þóreyju Pétursdóttur, forseta stúdentaráðs, sem hér

tekur til máls á eftir fyrir þá ábyrgð sem hún og hennar fólk hafa sýnt

í þessum málaflokki.

Í ágúst í fyrra, fyrir rétt rúmu ári, tók 15 ára stúlka sér stöðu fyrir

framan sænska þingið í sínu fyrsta skólaverkfalli. Nú ári síðar er

Greta Thunberg einhver kraftmesta röddin fyrir aðgerðum í

loftlagsmálum. Milljónir hafi farið að hennar fordæmi og látið í sér

heyra, meðal annars núna um síðustu helgi þegar fjöldafundir voru

haldnir víðs vegar um heim til að krefjast aðgerða.

Boðskapur Gretu er ekki flókinn. Hún segir einfaldlega að ráðamenn

eigi að hlusta á vísindamenn og fara að ráðum þeirra. – Þetta þykir

mér skynsamlegur boðskapur.

Ef það er eitthvað Greta Thunberg hefur kennt okkur, þá er það það að hvert okkar getur gert gagn. Við höfum öll hlutverki að gegna í þeirra áskorun sem við stöndum frammi fyrir.

Við í Háskóla Íslands tökum þessa áskorun alvarlega. Nýverið hófst vinna við heildarendurskoðun á sjálfbærni og umhverfisstefnu Háskólans, en sú vinna er meðal annars leidd af lykilfólki við umhverfis- og auðlindafræðina. Hin nýja stefna mun byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en Háskólinn verður einmitt með veglega fundarröð um heimsmarkmiðin sem hefst í næsta mánuði.

En kæra samkoma ég vil að lokum þakka framhaldsnámi í Umhverfis og auðlindafræði hér við Háskóla Íslands og sendinefnd Evrópusambandsins fyrir skipulagninguna hér í dag og vona að þið eigið góðan og gagnlegan fund.